



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Maríuborg

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Leikur – Samskipti - Námsgleði.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	4
3 Innra mat deilda	9
3.1 Þúfa	9
3.2 Laut.....	12
3.3 Lundur	15
3.4 Brekka.....	17
3.5 Maríustofa	18
3.6 Jóga og lífsleikni.....	20
4 Innra mat sérkennslu.....	22
5 Innra mat – fjöltyngd börn	22
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	23
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	25
8 Foreldrasamvinna	26
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	27
10 Fylgigögn.....	27
10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	27
10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2021-2022	27



Leiðarljós leikskólans: Leikur – Samskipti - Námsgleði

Einkunnarorðin okkar og megingildi, leikur, samskipti, námsgleði móta hugmyndafræði okkar. Allt sem við gerum er til þess hugsað að efla og örva leik barnanna, styðja við og kenna jákvæð samskipti og stuðla að námsgleði, forvitni og fróðleiksfýsn. Hugmyndafræði okkar og einkunnarorð styðjast við kenningar John Dewey, Howard Gardner, William Damon og Daniel Goleman. Nánar má lesa um hugmyndafræði okkar í Námskrá Maríuborgar sem kom út 14. nóvember 2015.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Það sem hefur einkennt síðasta skólaár er sveigjanleiki í starfinu og samvinna foreldra og starfsfólks. Á mismunandi tímabilum höfum við þurft að bregðast við Covid-19 með tilheyrandi hætti. Haustið einkenndist af hólfaskiptingum sem hafði einhver áhrif á starfið okkar þar sem ekki mátti færa starfsfólk eða börn á milli hólfra. Mestan hluta síðasta vetur máttu foreldrar einungis koma inn í fatastofur í leikskólanum sem óneitanlega hefur áhrif á foreldrastarfið.

Þetta kemur einnig til með að hafa einhver áhrif á starfið næsta skólaár 2021-2022. Við náðum mörgum af þeim markmiðum sem við settum okkur síðasta vetur og munum vinna áfram með það sem ekki náðist.

Áfram er unnið að innleiðingu nýrrar Menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 „Látum draumana rætast“. Við tókum þátt í tveimur þróunarverkefnum tengd henni á næsta ári. Við höldum áfram að vinna með öllum leik- og grunnskólum hverfisins að verkefninu „Orð eru til alls fyrst“ sem við fengum styrk úr B-hluta sjóðsins til að vinna að. Við höldum áfram að vinna með „Lífsleikni og vináttu“ verkefnið sem við fengum styrk fyrir úr A-hluta sjóðsins í fyrra. Eins viljum við fara af stað með verkefni sem við sóttum um fyrir næsta skólaár úr A-hluta sjóðsins sem gengur út á að efla málörvun og læsi og gera það efni sem við eigum aðgengilegra fyrir kennara skólans með því að útbúa verkefnapoka sem að starfsmenn geta gripið með sér inn í daglegt starf, hópastarf og skipulagðar stundir.

Starfið með lífsleikni og jóga var sameinað í vetur og gengur sú vinna vel. Það starf lá þó á einhverju tímabili niðri þegar ekki mátti fara á milli hópa vegna Covid. Þó náðist að vinna með flest þeirra þema sem lagt var upp með, en tíminn sem unnið var með hvert þema varð styttri heldur en hafði verið lagt upp með.

Stórt verkefni næsta vetur verða breytingar á starfi elstu barnanna í leikskólanum. Síðastliðinn vetur vildum við auka lýðræði barnanna og leggja aukna áherslu á að þau hefðu tækifæri til að hafa áhrif á þau viðfangsefni sem tekin yrðu fyrir í starfinu. Sú vinna gekk vonum framár og var mikil ánægja meðal barna, starfsmanna og foreldra. Skólahópurinn er óvenju stór hjá okkur næsta vetur og kom upp sú hugmynd að nýta Maríustofu sem stendur úti í garði fyrir skólahópinn og gera hana að vinnustofu skólahóps. Hugmyndin er að skipta skólahópnum niður í tvo hópa sem vinnur eina viku í senn í Maríustofu og hina vikuna eru þau á deildinni Brekku í samvinnu með hópi yngri barna. Þannig sjáum við fram á að geta dýpkað vinnu elstu barnanna á þann hátt að þau fái meira um það að segja hvað verður tekið fyrir hverju sinni og hvernig þeirri vinnu verður háttað.



Áfram verður unnið með Blæ og Lubba og það kom fram í mati að við mættum taka okkur á í vinnu í umhverfismenntinni hjá okkur þannig að sú vinna verður í brennidepli á öllum deildum. Við fengum fjórða grænfánann í nóvember 2020 og af því tilefni samdi einn starfsmaður okkar Umhverfislög Maríuborgar sem er í raun umhverfissáttmáli okkar. En betur má ef duga skal og fer sú vinna á fullt í vetur.

Við höfðum áætlað af fara norður á Akureyri í námsferð síðastliðið skólaár til þess að skoða leikskóla og fá fræðslu um jákvæðan aga. Á síðustu stundu þurftum við að hætta við þá ferð vegna Covid þannig að það er mikill hugur í starfsfólki okkar að geta farið þá ferð næsta vor/sumar. Við leggjum af stað inn í næsta skólaár með það í huga.

Niðurstöður starfsmannakönnunar og foreldrakönnunar sem lagðar voru fyrir á vormánuðum voru í heildina góðar og við megum vera ánægð með þær niðurstöður. Við megum þó gera betur í samskiptum við foreldra sem að stórum hluta kemur til vegna skerts aðgengis foreldra inn í leikskólann síðastliðinn vetur.

Við horfum jákvæðum augum á framhaldið í starfinu okkar í Maríuborg. Menntastefna Reykjavíkurborgar verður í hávegum höfð þar sem við m.a. tökum þátt í tveim þróunarverkefnum henni tengd næsta ár og hlökkum við til að vinna áfram með þau verkefni.

Almenn ánægja foreldra, starfsmanna og barna gefur okkur fullt tilefni til bjartsýni með framhaldið á næsta skólaári í leik og starfi.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Matsfundur allra starfsmanna var haldinn þann 25. janúar 2021. Fundurinn hefur fest sig í sessi sem stærsti vettvangur innra mats og umbóta í Maríuborg og er ætíð með saman sniði. Hver og einn starfsmaður fyllir út sérstakt matsblað þar sem hann gefur leikskólanum og starfinu tvær stjörnur fyrir atriði sem hann metur að gangi vel og sé leikskólanum til sérstaks sóma en einnig tvö laufblöð fyrir atriði sem hann vill leggja meiri rækt við og bæta. Á fundinum sjálfum lesa allir sínar niðurstöður og ritari fundarins skráir þær niður. Að fundinum loknum taka stjórnendur saman niðurstöður matsins, flokka laufblöðin og undirbúa hópavinnu þar sem starfsmenn vinna að umbótum í takt við laufblöðin sem hlúa þarf að. Þessi vinna var unnin seinni part sama dags og sett fram sem umbótaáætlun.



Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Þróunarverkefnið Vinátta / Blær	Laufblöð og stjórnur á matsfundi	Allir starfsmenn	Mikil ánægja með verkefnið og er að skila sér í barnahópinn. Deildir komnar mislangt með að vinna markvisst með Blæ. Markmið 2021-2022 að allir komi vinnunni markvisst inn í dagsskipulagið
Starfið í heild í leikskólanum	Laufblöð og stjórnur á matsfundi	Allir starfsmenn	Niðurstöður mats settar upp í umbótaáætlun fyrir leikskólann. Sjá seinna í áætluninni.

Ytra mat

Foreldrakönnun var lögð fyrir á vordögum og var nokkuð góð þátttaka í að svara könnuninni. Hún var framkvæmd af Skóla- og frístundasviði. Fjöldi svara voru 65 sem er 86,8% svarhlutfall. Heildaránægja foreldra með leikskólann var 4,75 sem er hækkun frá fyrri könnun. Í heildina kom könnunin mjög vel út og flestir þættir komu betur út heldur en í fyrri könnun. Þær spurningar sem komu út hjá okkur í gulu eða rauðu voru „Ég hef tekið þátt í að meta framfarir barnsins (rautt), Ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum, Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu og Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins. Eftir miklar umræður og rýni á niðurstöðum könnunarinnar getum við verið sammála um það að þarna hefur Covid mikið að segja og sú staðreynd að þegar könnunin er lögð fyrir er aðgengi foreldra að leikskólanum mjög skert. Verkefni okkar í vetur verður að styðja við foreldrasamstarfið og hvetja foreldra til að taka þátt í starfinu eins og hægt er, finna nýjar leiðir til að auka samstarfið. Foreldrafundurir voru með öðru sniði síðasta vetur, við nýttum okkur bæði samtal í gegnum síma og eins fjarfundi með foreldrum en eins og við vitum kemur ekkert í staðinn fyrir daglegt og persónulegt samtal við foreldra.

Starfsmannakönnun var einnig lögð fyrir á vordögum 2021. Hún var framkvæmd af Skóla- og frístundasviði. Starfsmönnum var sendur tengill í tölvupósti á könnunina sem var rafræn. Svarhlutfall var 45,5 % sem er þó hærra en í síðustu könnun en mætti vera miklu betra. Meðaltal allra þátta að



Þessu sinni var hærra heldur en í síðustu könnun sem við erum mjög ánægð með. Sá þáttur sem skoraði lægst í þessari könnun var „Hæfilegt vinnuálag“ sem hefur þó hækkað á milli ára.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Starfsmannakönnun	Könnun lögð fyrir alla starfsmenn	Starfsmenn	Starfsmannakönnun kom mjög vel út að mestu leiti. Helst þörf á að draga úr álagi.
Foreldrakönnun	Könnun lögð fyrir alla foreldra	Foreldrar	Foreldrakönnun kom mjög vel út. Foreldrar ánægðir með starfs leikskólans og börnin ánægð í leikskólanum. Hækkun á þessum þáttum frá fyrri könnun. Það sem var ábótavant var aðgengi foreldra að leikskólanum og þátttöku í því sem börnin voru að gera sem kemur að miklu leiti til vegna Covid og takmarkana á aðgengi foreldra inn í leikskólann.



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Umgengni	Umgengni í húsi	Ganga vel um í kaffi og undirbúning sérstaklega	Allir starfsmenn	Sept 2021	Júní 2022	Matsfundur feb 2022	Gengið vel um í öllu húsinu
Eldhús	Fjölbreyttari matur í kaffitímum barna	Bjóða upp á fjölbreyttara brauðmeti og álegg. Grænmeti og ávextir í boði með.	Matráður	Sept 2021	Júní 2022	Matsfundur feb 2022	Fjölbreyttara í boði í kaffitímum barna
Leikefni	Nýta leikefni sem við eigum betur	Taka fram hljóðfæri, sögugrunn, loðtöflu-sögur, málörvunar-efni og fleira sem til er. Kynna okkur efnið sem við eigum	Allir starfsmenn	Sept 2021	Júní 2022	Matsfundur feb 2022	Leikefni sem til er sé betur nýtt en það er í dag.
Málörvun	Að málörvun fari meira inn í deildarstarfið	Sérkennslustjóri fari inn á allar deildir og gefi starfsmönnum ráð	Sérkennslustjóri, kennarar og deildarstjórar	Sept 2021	Júní 2022	Matsfundur feb 2022	Málörvun verði markvisst unnin á deildum



Málörvun	Vantar aðgengilegra efni	Útbúnir verða verkefnasavir sem starfsfólk getur gripið með sér í hópastarf og samverustun dir	Sérkennslustjóri, aðstoðarleikskól astjóri	Sept 2021	Júní 2022	Matsfundur feb 2022	Verkefna-pokar verði tilbúnir og starfsfólk nýti þá í starfi með börnunum.
Deildarfundir	Festa skipulag fyrir deildarfundi	Setja niður fastan tíma fyrir deildarfundi og láta þá ekki falla niður	Deildarstjórar	Sept '21	Júní '22	Matsfundur feb 2022	Deildarfundir fastir liðir í vikuplani
Undirbúningur	Fellur of oft niður	Deildarstjórarn skoði sína deild og finni tíma sem hentar fyrir undirbúnings tíma starfsfólks á deildinni	Deildarstjórar og stjórnendur	Sept 2021	Júní 2022	Matsfundur feb 2022	Undirbúningstímar séu teknir á þeim tíma sem ætlað er í þá.
Umhverfismennt	Vinna markvissarað umhverfismenntinni	Grænfánafundir markvissir og oftarn. Fara yfir hvað við getum gert betur	Stjórnendur og allt starfsfólk	Sept 2021	Júní 2022	Matsfundur feb 2022	Vitund um umhverfismennt markvissariog þátttaka allra meiri.
Hópahefti	Hópaheftið þarfnast uppfærslu	Fara yfir hópaheftið í heild með efni þess í huga. Taka út og setja inn það sem þarf	Stjórnendur með aðkomu alls starfsfólks	Sept 2021	Júní 2022	Matsfundur feb 2022	Endurskoðað hópahefti tilbúið haust 2022



Söngbók	Uppfærsla á söngbók	Fara yfir söngbókina í heild með efni hennar í huga. Taka út og setja inn það sem þarf að breyta	Stjórnendur með aðkomu alls starfsfólks	Sept 2021	Júní 2022	Matsfundur feb 2022	Endurskoðuð söngbók tilbúin haust 2022
Gátlistar og ferlimöppur	Uppfæra og endurskoða gátlista og ferlimöppur	Fara yfir gátlista og ferlimöppur og lagfæra, taka út og bæta við þar sem þarf	Stjórnendur með aðkomu alls starfsfólks	Sept 2021	Júní 2022	Matsfundur feb 2022	Gátlistar og ferlimöppur uppfærðar og tilbúnar haust 2022

3 Innra mat deilda

3.1 Þúfa

Greinargerð frá starfsmönnum Þúfu.

Veturinn 2020-2021 voru 16 börn á Þúfu, 6 stúlkur og 10 drengir. Tvö börn voru fædd 2018 og 14 börn voru fædd 2019.

Söngstund/samverustund/hópastarf: Börnin eru í skipulagðri samverustund á hverjum degi frá 11:10-11:30. Þar er lesin saga, farið yfir hugtök, börnin telja og mjög fjölbreyttar kennsluaðferðir eru notaðar. Börnin sitja og hlusta af miklum áhuga. Einnig erum við dugleg að skipta þeim í litla hópa og nýtum við þá plássin vel í leikskólanum.

Hreyfistund: Allir fara einu sinni í viku í hreyfistund í salinn. Þar setjum við upp þrautabraut, förum í hreyfileiki og hringleiki og æfum okkur í hinum ýmsu æfingum.

Jóga/lífsleikni: Öll börn deildarinnar fara í jóгатíma einu sinni í viku með jógakennara. Börnin á Þúfu hafa farið í jóga/lífsleikni á mánudögum.

Kubbastofa: Einn dag í viku hefur hver deild aðgang að kubbastofu sem er eitt af vinsælustu svæðum leikskólans. Þar erum við að leika með/byggja úr stórum mjúkum svampkubbum. Stundum erum við líka með búninga, slæður, bolta og fleira.

Söngstund í sal: Einu sinni í viku hittast öll börn leikskólans í salnum og syngja saman. Þessar stundir skipuleggur starfsfólk leikskólans og skiptast deildarnar á að sjá um söngsalinn. Sú deild sem sér um salinn útbýr boðskort og fer með á allar deildir skólans og þar koma einnig fram þau lög sem á að syngja í salnum og börnin á deildinni hafa tekið þátt í að velja. Stundum eru deildarnar með uppákomu í salnum.

Lubbi: Stefnt var á að vinna með Lubba þennan vetur en þar sem börnin voru mjög ung ákváðum við að leggja áherslu á grunn málörvun í vetur og hefur það reynst mjög vel. Við munum vinna með Lubba næsta haust þar sem okkur finnst börnin orðin móttækilegri núna þar sem þau eru búin að læra að sitja og hlusta.

Ávaxtastund: Börnin setjast niður 9:15 til borðs, drekka vatn og borða ávexti. Á meðan er hlustað á sögu eða tónlist. Börnin fá oft að biðja um óskalög.

Matmálstímar: Við höfum lagt áherslu á að kenna börnunum að borða og smakka nýjan mat. Þannig læra börnin smátt og smátt að venjast nýju bragði. Einnig leggjum við áherslu á að börnin borði snyrtilega og noti skeið eða gaffal. Þegar við erum búin að borða förum við yfir heitin á matnum sem við borðuðum og þökkum fyrir matinn. Við leggjum mikla áherslu á að borða í ró og næði og að matmálstíminn sé þægileg stund.

Blær: Við höfum lagt mikla áherslu á að vinna með Blæ og höfum við unnið með hann í samverustund á föstudögum. Öll börnin eiga sinn bangsa og eru þeir merktir hverju barni. Sú vinna hefur skilað sér mjög vel í samskiptum hjá börnunum.

Útivera: Við leggjum mikla áherslu á að allir fari út daglega. Þar notum við allt útisvæðið og eflum við þannig grófhreyfiþroska barnanna.

Frjáls leikur: Frjáls leikur er stór þáttur í starfi með yngstu börnunum og leggjum við áherslu á hann. Þar læra börnin að leika saman, deila, skiptast á, setja sér mörk og virða mörk annarra.

Ferðir: Við reynum að vera duglegar að fara í gönguferðir í nágrenni leikskólans á vorin og haustin. Við förum líka og horfum á Brúðubílinn að sumri þegar hann kemur í hverfið.

Endurmat fyrir skólaárið 2020 – 2021

Þar sem Þúfa er yngsta deild leikskólans byrja yfirleitt mörg börn þar á hverju hausti og aðlögun barnanna tekur sinn tíma. Aðlögunin gekk mjög vel til að byrja með en svo bættust við börn sem áttu erfiðara með aðlögun. Þrátt fyrir það þá hélst okkar skipulagða starf og datt aldrei út.



Jólaundirbúningurinn hófst um miðjan nóvember og gekk mjög vel. Í desember var svo unnið með jólin og allt sem þeim fylgir.

Það sem stendur upp úr eftir þennan Covid vetur er hvað starfsfólk vann vel saman og skilaði það góðri vinnu á deildinni og til barnanna. Bæði börn, foreldrar og starfsfólk eru mjög ánægð eftir veturinn og létu ekki faraldurinn hafa mikil áhrif á starfið.

Unnið er eftir skýrum ramma og er einkennandi hvað starfsfólk vinnur vel eftir skipulaginu. Allt starfsfólk nálgast börnin af hlýju og festu og eru börnin fljót að vita til hvers er ætlast af þeim.

Dagskipulagið sem starfsfólk vinnur eftir er skýrt og vita allir hvar þeir eiga að vera og hvað þeir eiga að gera hverju sinni.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gönguferðir	Fara oftari í gönguferðir.	Setja gönguferðir inn í mánaðarskipulag.	Deildarstjóri	Ágúst 2021	Júní 2022	Endurmat á deildarfundum	Fara í gönguferð einu sinni í mánuði
Aðkoma foreldra að starfi barnanna	Foreldrar hafi sterkari rödd um hvað börnin eru að gera.	Kalla eftir hugmyndum frá foreldrum um áhugasvið barnsins, bækur eða annað sem gaman væri að vinna með	Deildarstjóri	Ágúst 2021	Júní 2022	Endurmat á deildarfundum og í foreldraviðtölum	Unnið í hverjum mánuði með hugmyndir sem koma frá foreldrum
Vinna með Lubba	Setja Lubbastundir inn í skipulagið		Deildarstjóri	Sept. 2021	Júní 2022	Endurmat á deildarfundum	
Hópahefti	Nota hópaheftið meira		Deildarstjóri	Ágúst 2021	Júní 2022		



Tákn með tali	Nota meira tákn með tali	Leggja áherslu á að nota með þeim börnum sem þurfa á því að halda	Deildarstjóri	Ágúst 2021	Júní 2022	Endurmat á deildarfundum	
---------------	--------------------------------	---	---------------	---------------	--------------	-----------------------------	--

3.2 Laut

Greinargerð deildarstjóra

Veturinn 2019 – 2020 voru 18 börn, fjögur fædd árið 2017 og 14 börn fædd árið 2018.

Næsta haust verða fimm börn eftir á Lautinni fædd 2018, sjö börn koma yfir af Þúfu fædd 2019 og sex ný börn fædd 2019 koma á deildina.

Starfsfólkið á deildinni ræddi alla umbótaþætti og gekk það vel.

Áhersluþættir komandi vetrar verða í sama formi og síðasta vetur eða eins og hér segir.

Málörvun og fagleg innleiðsla og daglegt starf á Laut veturinn 2020 – 2021:

„Lubbi finnur málbein“ er alla mánudaga og „Blær“ vináttuverkefni Barnaheilla er alla þriðjudaga.

Sönghefti leikskólans Maríuborgar notum við markvisst alla daga.

Söngur er hluti daglegs starfs og notkun hljóðfæra er einu sinni í viku.

Gítarundirspil og kynning á hljóðfærum alla fimmtudaga.

Hópaheftið er frábært stuðningstæki fyrir starfið.

Jóga er í boði alla miðvikudaga fyrir börnin á Laut. Þar sér jógakennari um markvissa jógakennslu með tengingu við lífsleikni.

Markvissar samverustundir eru alla daga í minnst 30 – 40 mínútur.

Börnin taka þátt með kennara, við spjöllum saman um heima og geima þar sem áhersla er lögð á réttan framburð og skýrt mál.

Lubbi finnur málbein er einu sinni í viku. Tekið er fyrir málhljóð vikunnar ásamt því að fara í fyrsta staf í nafni barnanna á deildinni. Virk hlustun og spjall. Við notum kassana með hlutum sem byrja á t.d. H. Við skoðum og spjöllum um hlutina úr safnkassanum. Hundurinn Lubbi er með í öllum stundum. Við notum bókina „Lubbi finnur málbein“ og hlustum mikið á geisladiskinn sem fylgir bókinni.



Vináttuverkefnið Blær, eineltisforvörn Barnaheilla er einu sinni í viku. Þar fá börnin á tjá sig og lögð er áhersla á réttan framburð og hvert barn fær tækifæri til að tala og segja frá. Við ræðum um mikilvægi vináttunnar og ræðum forvarnir um einelti í hvaða formi sem er. Bangsinn Blær er með í öllum stundum, við spilum einnig geisladiskinn mikið. Hvert barn situr með sinn litla Blæbangsa. Litla og stóra taskan sem fylgir Blæverkefninu eru mikið notaðar.

Í samverustundum syngjum við saman lag vikunnar, Tákni með tali lag mánaðarins, þulu mánaðarins ásamt lögum úr sönghefti Maríuborgar sem er uppfært og yfirfarið ár hvert. Við lesum bækur fyrir börnin og segjum sögur. Kennari spyr út í textann og lögð er áhersla á framburð, skilning og virka hlustun.

Kennari notar handbrúðu og börnin leiðrétta hana ef hún talar ekki rétt. Við rímum og teljum atkvæði í orðum.

Loðtöflusögur eru sagðar í hverri viku. Myndrænt á loðtöflu og texti með. Skemmtilegar umræður skapast meðal barnanna og kennara. Einnig notum við myndir af börnum, t.d. börnum í sundi, á skíðum og í hjólríðatúrum. Þar notar kennari spuna og barnið á myndinni er einhver úr barnahópnum og hafa börnin mikinn áhuga á að vera í ímyndunarleik og segja og semja spunasögu með kennara.

Hópahefti fyrir deildar- og hópstjóra til að styðjast við og vinna faglega vinnu með börnunum í leik og starfi er stuðst við allan veturinn og unnið upp úr. Heftið er endurmetið eftir hvern vetur og uppfært. Einkunnarorð leikskólans er Leikur – Samskipti – Námsgleði. Við vinnum með dyggðir (t.d. vinsemd, hjálpsemi eða kurteisi) og þema t.d. vatnið. Hópastarf er að mestu unnið í samverustundum.

Grunnpættir menntunar í leikskóla eru: Læsi – Sjálfbærni – Heilbrigði og velferð – Lýðræði og mannréttindi – Jafnrétti – Sköpun. Grunnþættirnir fléttast inn í allt leikskólastarf og eru samofnir undirstöðupáttum leikskólastarfsins sem er leikur, dagleg umönnun og almenn líksleikni.

Í fataklefanum setjum við orð á allan fatnað og annað tilheyrandi, t.d. sæktu vettlinga í hólfið þitt, nú setjum við bláa vettlinginn á höndina. Við tölum um veðrið og viðeigandi klæðnað, litina og þess háttar.

Við matarborðið er spjallað og rætt um hinar og þessar vangaveltur, í frjálsum leik erum við að setja orð á hlutina með barninu, t.d. Barnið segir „leika bíl“ þá endurtökum við og bætum við „já, ertu að keyra bláa vörubílinn“.

Á deildinni notum við daglegar athafnir til að setja orð á hluti og athafnir.



Við merkjum fatahólf barnanna með nafni barnsins og máhljóði. Eftirfarandi atriði eru einnig merkt; skúffur barnanna, bleiuhólf, matarborð, hvíld og samvera. Í samverustundum á hvert barn sitt sæti með sjálfsmynd. Einnig er efniviður og leikföng ýmist merktur með ritmáli og/eða mynd.

Við förum út á hverjum degi ef veður leyfir. Markmiðið er að fara í fleiri ferðir utan lóðar um nánasta nágrenni.

Við höfum nýtt svæði í húsinu eftir bestu getu en vegna Covid-19 hefur svæðaskipan verið með mjög breyttu sniði í allan vetur.

Á morgnana þegar börnin mæta leggjum við mikla áherslu á rólegt og gott andrúmsloft.

Morgunverður er í boði fyrir börnin á einu borði sem tekur átta börn. Kennari situr með börnunum allan tímann. Annar kennari situr við borð þar sem púsl eru í boði. Þeir sem vilja gata farið að leika sér í leikefni að eigin vali. Allt leikefni er í hæð barnanna.

Öll atriðin hér að ofan hafa tekist vel til í vetur, vor og sumar og er orðinn markviss hluti af starfinu á Laut. Fyrirkomulag þetta hefur komið mjög vel út í vetur og er bæði ávinningur fyrir börn og starfsfólk á deildinni, höfum við því ákveðið að viðhalda þessu fyrirkomulagi eins næsta vetur. Mjög stöðugur starfshópur er á deildinni, allar vinnum við saman að settu markmiði, allir hafa ábyrgð undir handleiðslu deildarstjóra. Við leggjum áherslu á að barnið hafi rödd og fái val til að taka þátt í uppbyggingu starfsins á deildinni.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útivera, gönguferðir	Fara mark- visst einu sinni á dag í útiveru. Kynnast nær- umhverfinu betur í göngu- ferðum	Útivera í dag- skipulagi. Skipulagðar, stuttar gönguferðir utan lóðar þegar aðlögun lýkur. Lengja eftir áhuga barnanna.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Sept 2021 að lokinni aðlögun	Mai 2022	Metið á deildar- fundum. Endurmat á matsfundi í janúar 2022	Útivera á hverjum degi. Gönguferðir farnar í hverri viku.



Markviss samvera	Betri yfirsýn, virk hlustun, jákvæð samskipti, lýðræði	Barnafundur, samveru- stundir 5x í viku	Deildarstjóri og hóp- stjórar	Sept 2021	Maí 2022	Metið á deildar- fundum	Samvera á hverjum degi, börnin taka virkan þátt
Hópastarf	Halda virku hópastarfi	Verðum með þrjá – fjóra hópa næsta haust	Deildarstjóri og hóp- stjórar	Sept 2021	Maí 2022	Hópstjórar halda utan um og skrá hópa- starfið. Jóga og lífsleikni.	Hópastarf í hverri viku.

3.3 Lundur

Greinagerð deildarstjóra

Í vetur voru 22 börn á Lundi, 4 börn fædd 2017 og 18 börn fædd 2016.

Hópastarf var alla daga vikunnar nema föstudaga. Í hópastarfi er jóga/lífsleikni, listir, kubbastofa, hreyfing í sal og verkefnavinna fyrir eldri árganginn þar sem farið er í grunnvinnu í bókstöfum/tölustöfum og fl. Útivera er á hverjum degi.

Í Maríuborg vinna allir eftir sama hópaheftinu. Ákveðið þema er í hverjum mánuði. Þar fá börnin að láta ljós sitt skína, koma með hugmyndir og vinna þær. Skráning er bæði skrifleg og myndræn, sem við erum dugleg að færa inn í ferlimöppur barnanna.

Við erum Grænfánaleikskóli og vinnum með umhverfismennt.

Vináttuverkefni Barnaheilla er bangsinn Blær það er þróunarverkefnið okkar sem við höfum unnið að í vetur, eins erum við með Lubba og málbeinið hans, síðan erum við með fasta málörvunarhópa einu sinni í viku.

Niðurstaða endurmats:

Stjörnur, það sem vel er gert:

- Samstarf gengur vel
- Hópastarf gengur vel
- Dagskipulag er gott
- Duglegar að nýta mannauðinn / skipta með okkur verkefnum

Laufblöð, það sem við viljum bæta / vinna að:

- Þurfum að vera markvissari í húsdýrunum og líkaminn minn

- Halda áfram að vinna að málörvun
- Að efla kurteisi meðal barnanna á deildinni

Þar sem Covid – 19 hafði nokkur áhrif á starf deildarinnar síðast liðið ár og sú staðreynd að við erum að fá 18 ný börn á deildina í haust höfum við hugsað okkur að halda inni sömu umbótum og voru. Þá vorum við einnig sammála um að við sem kennarar þurfum lengri tíma til að vinna að þessum umbótum til að festa þær í sessi, því við erum líka að læra í leiðinni.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Auka mál- örvun á deildinni	Hafa mark- vissa málörvun í dagskipulagi. Nota bækur, t.d. Markviss málörvun, Lubbi finnur málbein, Orðagull og Ljáðu mér eyra	Deildarstjóri og hóp- stjórar	Haust 2021	Mái 2022	Metið jafnóðum á deildarfundum og lokamat í maí 2022	Markviss málörvunar- stund fyrir öll börn minnst tvisvar í mánuði
Aukinn orðaforði / þekking	Kenna / ræða um húsdýrin og líkamann	Lesið bækur og gera verkefni	Deildarstjóri og hóp- stjórar	Haust 2021	Mái 2022	Metið jafnóðum á deildarfundum og lokamat í maí 2022	Rætt um / farið yfir í hverjum mánuði, í samveru- stundum og hóp- starfi
Kurteisi	Að efla kurteisi meðal barnanna á deildinni	Vinna í daglegu starfi, samveru- stundum. Áhersla á dygðirnar okkar og	Deildarstjóri og hópstjórar	Haust 2021	Mái 2022	Metið jafnóðum á deildarfundum og lokamat í maí 2022	Börnin koma fram við alla af kurteisi



		notum Blæ til aðstoðar					
--	--	---------------------------	--	--	--	--	--

3.4 Brekka

Greinagerð deildarstjóra

Skólaárið á Brekku var fróðlegt, skemmtilegt, krefjandi og skipulagt.

Við vorum með 25 börn í tveimur árgöngum, 17 börn í skólahóp sem eru fædd 2015 og 7 börn fædd 2016.

Elsti árgangurinn hjá okkur sem við köllum jafnframt skólahóp var að vinna í svokölluðu snillingahefti hjá okkur þar sem unnið var með bókstafi, tölustafi og fínhyrfingar. Einnig fóru þau í örfáar heimsóknir í Ingunnarskóla og Sæmundarskóla þar sem Covid setti strik í reikninginn. Skólahópur var einnig að vinna með þemaverkefni þar sem þau völdu sjálf viðfangsefnið þar sem fuglar og leikvællir urðu fyrir valinu hjá þeim. Þau fengu að blómstra mikið í þessu verkefni og voru mjög áhugasöm sem að kom okkur kennurunum á óvart hversu vel tókst til með verkefnið.

Yngri hópurinn sem að fékk nafnið gíraffahópur unnu einnig í verkefnahefti þar sem unnið er með fínhyrfingar og tölustafi.

Báðir hóparnir unnu svo með hópahefti þar sem ákveðið var þema í hverjum mánuði og þar sem komið inn á litavikur, lífsleikni, fjölskylduna sína, leikskólinn minn og margt fleira.

Við á Brekku fórum í vettvangsferðir eins og við gátum en því miður féllu margar ferðir niður vegna ástandsins í samfélaginu.

Við náðum að vinna með alla þá umbótaþætti sem við lögðum upp með. Við náðum að vinna markvissara með málleiki þar sem við vorum með skipulagðar stundir og fléttum því inn í daglegt starf. Tókum við tónlistina á hærra plan þar sem við kynntum börnin fyrir mismunandi tónlistarstefnu og hljóðfærum. Síðan tókum við þemaverkefnið mun lengra þetta árið þar sem að fuglar urðu aftur fyrir valinu. Tekið var fyrir einn fugl í hverri viku þar sem fræðst var um þann fugl og teiknuðu börnin sína útgáfu af honum. Einnig voru þau dugleg að fara út með fjölbreyttan mat fyrir fuglana þar sem þau fylgdust með þeim borða þar sem fuglalíf í hverfinu er mjög mikið. Í lok tímabilsins var endað á stóru verkefni þar sem hvert og eitt barn valdi sér tvo fugla til að vinna markvissara með þar sem þau annars vegar leiruðu og máluðu, hinn fuglinn teiknuðu þau og máluðu á blað þar sem þau sögðu líka frá fuglunum sínum.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Barnahugmyndir	Virkja börnin meira í starfi	Fá hugmyndir frá börnunum í hóp og einstaklingslega	Deildarstjóri og hópstjórar	Haust 2021	Vor 2022	Á deildarfundum	Skráningar
Vettvangsferðir	Fara oftár út fyrir garðinn	Setja niður fasta daga	Deildarstjóri og hópstjórar	Haust 2021	Vor 2022	Á deildarfundum	Skráningar

3.5 Maríustofa

Greinagerð deildarstjóra

Leikur, samskipti og námsgleði eru einkunnarorð og megingildi Maríuborgar, þ.e. leiðarljós okkar í starfi með börnunum.

Maríustofa er deild í litlu húsnæði á lóðinni við Maríuborg. Í Maríustofu voru 12 börn í vetur, 8 börn fædd 2017 og 4 börn fædd 2018.

Við leggjum áherslu á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og að það sé hlustað á þau og sjónarmið þeirra virk og leggjum áherslu á að nota orð yfir athafnir.

Við unnum með jákvæðan aga; 1,2,3 töfrar þannig að börnin hafa alltaf val. Við tengjum starfið læsisstefnu, myndræn nöfn barnanna, stafrófið og málhljóð sýnileg. Þrír starfsmenn eru á deildinni og taka þátt í öllu starfi.

Deildarstjóri sér um skráningar verkefna en 3 fara í ferilmöppu og skipulagðar Lubbastundir.

Dagskipulag: Söngstundir eru þrisvar sinnum í viku, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga. Hvert barn hefur sitt sæti þar sem nöfn þeirra eru merkt. Farið er í táknlag mánaðarins og lag vikunnar samkvæmt sönghefti Maríuborgar, auk þess sem við klöppum stundum atkvæði í nöfnum barnanna. Við vinnum með Lubbi finnur málbein, málhljóðin, rím og hlustum á Lubba diskinn. Lubbi er með í þessum stundum og fær hvert barn að bjóða Lubba góðan dag og knúsa hann.



Hópastarf: Var þrisvar sinnum í viku eftir söngstund. Börnunum var skipt upp í tvo hópa, einn starfsmaður fylgdi hvorum hóp og voru 5-6 börn í hópnum. Börnin fóru í kubbastofu í frjálsan leik þar sem hugmyndarflugið fékk að njóta sín og skipulagða hreyfingu í sal þar sem lögð var áhersla á grófhreyfingar, s.s. að klifra í rimlum, ýmsar þrautir sem miða við þroska þeirra og getu. Heimastofa á þriðjudögum, þá er unnið að þemaverkefnum samkvæmt hópahæfti Maríuborgar og gerðar skráningar sem fara í ferilmöppur barnanna.

Lífsleikni og jóga: Á mánudögum átti að vera lífsleikni og á föstudögum jóga og fylgir einn hópstjóri barnahópnum ásamt lífsleikni og jóga kennara. *ATH: vegna aðstæðna sem sköpuðust vegna Covid féll lífsleikni og jóga mikið niður og einnig oft hópastarf sem fór fram í öðru húsnæði.*

Útivera: Er á hverjum degi u.þ.b. kl. 10:00 – 11:20 fyrir þau börn sem fara í hvíld. Eldri börnin fara út eftir hádegi þegar hádegisverðurinn er búinn kl. 12:30 – 13:30. Yfir sumartímann fara öll börn út tvisvar yfir daginn þegar aðstæður leyfa.

Samverustundir: Eru fyrir hádegi, þá er lesið fyrir börnin eða sagðar sögur.

Hádegisverður: Hvert barn hefur sitt sæti merkt nafni sínu og einfaldar borðreglur eru myndrænar við hvert borð. Einn starfsmaður situr við borð í eldhúsi og tveir við borð í borðstofu. Samvera og hvíld er eftir hádegisverð. Klukkan 14:30 fá börnin síðdegishressingu og eftir það er útivera eða frjáls leikur þar til börnin eru sótt.

Í vetur fór starfsemi á deildinni úr skorðum vegna Covid 19

Við nýttum tímann í að útbúa allskonar verkefni, s.s. að bæta efniviði í Lubbastundirnar, lesa okkur til og margt fleira.

Umbætur frá síðasta ári:

Vettvangsferðir – börnin fóru í vettvangsferðir síðastliðið haust, að minnsta kosti einu sinni í viku, 4 í hóp með 2 kennurum.

Gæðastundir – börnunum er alltaf skipt í hópa svo að gæðastundirnar séu fleiri.

Niðurstaða endurmats:

Stjörnur – það sem við gerum vel:

- Gekk vel að fylgja eftir hópahæfti og sönghefti
- Hópastarf gekk vel

Laufblöð – það sem við viljum bæta:

- Vinna markvisst með Blæ. (Tókst ekki nógu vel að koma honum inn í vetur).

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efla vináttu og félagsþroska barnanna	Blær verður með fastar stundir inní dag-skipulagin u a.m.k. einu sinni í viku	Vinna með Blæ markvisst í Blæstundum	Deildar-stjóri	Sept. 2021	Mái 2022	Deildarfundir verða notaðir til að endurmeta starfið, hvað gengur vel og hvað má betur fara. Matsfundir.	Reglulegar markvissar stundir með Blæ.

3.6 Jóga og lífsleikni

Veturinn í jóga og lífsleikni hefur verið uppfullur af eldmóð, sköpun, gleði, flæði og heilmikilli dýpt í ástundun og samskiptum. Með þeim tilgangi að efla líkamlega og andlega þætti barnsins, að barnið sé í heilbrigðum tengslum við sjálft sig og aðra.

Nemendur Maríuborgar fóru í jóga og lífsleiknistundir einu sinni í viku. Þeim var skipt niður í hópa sem voru aldursskiptir og unnið var út frá þemu hverju sinni sem var aðlagð að aldri og getu barnanna. Hver stund var um tuttugu mínútur að lengd. Þegar veður leyfði voru stundirnar stundum færðar utandyra sem braut skemmtilega upp starfið og gaf jafnframt fleiri möguleika á því hvernig viðfangsefnið var nálgast og unnið.

Þrátt fyrir að Covid-19 hafi raskað faglegu starfi að hluta til vegna hólfaskiptinga hjá kennurum, náðist að fylgja eftir mörgum þeim þemum sem hvert fyrir sig fékk að rúlla allt frá einni viku upp í þrjár. Um miðbik vetrar var tekin sú ákvörðun að jóga og lífsleiknikennslan færi undir sama hatt og hefur sú nálgun gefist vel því auðvelt er að miðla lífsleikni í gegn um jóga.

Þau þemu sem tekin voru fyrir í vetur eru eftirfarandi:

- Að kynnst
- Ég



- Himinn og jörð
- Ímyndunaraflið
- Föndur og frjálst flæði
- Myrkrið góða
- Núvitund og flæði
- Regnboginn
- Ég er slanga

Unnið var eftir þema hvers misseris en sveigjanleiki var hafður að leiðarljósi þar sem börnin áttu til með að varpa ljósi á eitthvað nýtt tengt því sem unnið var með hverju sinni eða að þau sýndu einhverju öðru sem tengdist þemanu áhuga og fékk þá viðfangsefnið að þróast og vaxa. Þannig fékk nemandinn umboð til þess að vera í flæði sem er staðurinn þar sem töfrarnir gerast og afköst, sköpun, núvitund og hamingja nær nýjum hæðum, sem eru nokkrir af þeim lykilþáttum sem jóga sem og lífsleikni eiga að framkalla.

Almenn ánægja var með þá framkvæmd þegar hugmyndir og þemu tengd jóga og lífsleiknikennslu voru settar inn í hópahæftin á síðasta starfsári og voru einhverjir sem leituðu í það sér til stuðnings og hugmyndaauka.

Það sem tengir starfið skemmtilega á milli deilda eru sameiginlegu verkefnin. Má þar nefna verkefnið „Jóga og vináttutré“ sem var listrænn afrakstur nemenda Maríuborgar af vinnu sem tengdi Blæ saman við jóga. Börnin höfðu æft léttar jógaæfingar með áherslu á jóga stöðuna „tréð“ sem eflir jafnvægi og styrk og róar hugann í leiðinni. Með hjálp frá Blæ bangsa fengu börnin svigrúm til þess að velta því fyrir sér hvað það sé að vera vinur og hvernig við getum hjálpað þeim sem líður illa. Þau eldri sýndu það með orðum og vinalægri snertingu á meðan þau alla yngstu sýndu það með faðmlögum og knúsi sem Blær bangsi kunni vel að meta. Börnin máluðu trjából og stimpluðu laufblöð með lófaförunum sínum og gullkorn barnanna voru skrifuð undir trén. Ferlið og útkoman að endingu var stórfenglegt og fengu trén að hanga uppi á veggjum skólans það sem eftir lifði skólaárs, til að hjálpa börnunum að rifja upp vináttu gildin. Fleiri voru samvinnuverkefni eins og „jógaslangan“ og „regnboginn“ sem vöktu mikla lukku.

Á nýju kennsluári verður haldið áfram með þá vinnu sem hefur verið þróuð þar sem jóga er notað sem leið að lífsleikni og það haft að leiðarljósi að hver stund sé barninu öflugt og nærandi hleðslutæki frá annríki dagsins.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan fer meira og minna fram inná deildum. Í einstaka tilvikum er farið af deild. Notast er við APA skráningar og skráningar Skipulagðar kennslu.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, AEPS, Hljóm-2, Efi-2, Ungbarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, Orðaskil
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Eitthvað var keypt af námsgögnum, listum og aðbúnaði, s.s. styrkja o.þ.h.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Nýta AEPS meira til færnimats	Nýta ákv. kafla óháð því að fylla út allan listann. Útbúa einstaklings-áætlun	Sérkennslu- stjóri og stuðningur	Sept 2021	Júní 2022	Fyllt út gátlista. Endurmat unnið á 4ra mán. fresti	Listinn yfir- farinn, fram-farir metnar. Ný mark-mið sett inn ef mark-miði er náð.
	Reglulegir fundir með stuðnings-aðilum	Funda á 3ja vikna fresti	Sérkennslu- stjóri	Sept 2021	Júní 2022	Ritaðar fundar- gerðir	Ná 13 af 15 fundum

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Keypt eru gögn, svo sem spil og annar búnaður sem ætlaður er til málörvunar.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Lubbi er fastur liður í leikskólastarfinu og unnið með málhljóðin markvisst. Leik-skólinn er þátttakandi í þróunarverkefninu „Orð eru til alls fyrst“, í tengslum við

	það er ábyrgðarmaður málörvunar inná hverri deild sem heldur utan um efnivið og fræðslu sem unnið er með.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já, lagt er upp úr því að einfalda ekki texta, heldur útskýra orðin. Þá eru Lubbastundir nýttar, sem og Blær.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Með gátlistum, s.s. Orðaskil, Efi-2 og Hljóm-2. Þá höfum við einnig kynnt okkur Hæfni-rammana frá Menntamálastofnun og ætlum að nýta þá í starfi.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já, huga mætti þó betur að því að nýta tilfinningastiku með börnunum og að myndrænt dagskipulag sé lifandi plagg. Þá er unnið með tvítyngdum börnum í málörvun.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Sitja teymis- fund með tengilið málörvunar á hverri deild	Hæfniramar Menntamála- stofnunar.	Sérkennslu- stjóri / tengiliðir.	Sept 2021	Júní 2022	Fundargerðir	Ná að halda amk 13 af 15 fundum.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í febrúar/mars 2021. Leikskólastjóri tók samtölin við hvern og einn starfsmann inn á skrifstofu sinni.

Almennt um starfið: Starfið er skemmtilegt og starfsfólk sýnir mikinn metnað í vinnu með Lubba, Blæ og jóga. Gleði og sveigjanleiki í starfinu. Erfiður tími þegar leikskólanum var skipt upp í hólf og takmarkanir voru á samgangi á milli hólfa.

Hvað hefur gengið vel: Góð samvinna og þátttaka allra í starfinu, fundir markvissir. Upplýsingaflæði er gott. Starfsfólk talar um að allir fái tækifæri til að taka þátt í því að móta starfið og koma hugmyndum sínum á framfæri.

Hvað má betur fara: Passa vel upp á að festa deildarfundi inn á vikuskipulagið og láta þá rúlla í starfinu. Þurfum að meta og skoða gátlista og ferlimöppur. Vera oftast með opið flæði í leikskólanum, börnum og starfsfólki finnst það skemmtilegt. Auka samskipti á milli deilda í öllu húsinu. Vinna markvissar með umhverfismenntina. Undirbúningstímar eru stundum að falla niður það þarf að finna þeim fastan tíma í vikuskipulaginu.

Starfsþróun: Starfsmenn óska eftir námskeiði í skyndihjálp, skoða starfið á öðrum leikskólum, námskeið sem hristir hópinn saman, námskeið/fyrirlestur um einhverfu. Eins var námskeið um jákvæðan aga nefnt.

Starfsaðstæður: Starfsfólkið er almennt ánægt með starfsaðstæður. Vel tekið á móti nýju starfsfólki.

Líðan í starfi: Líðan starfsfólks í starfi er góð í heildina. Covid hefur haft mikil áhrif á líðan og þá sérstaklega sá tími sem við unnum með hólaskiptingu. Starfsfólki fannst erfitt meðan það tímabil gekk yfir. Það eru ekki miklar breytingar á starfsmönnum og starfsfólk er ánægt með deildarstjóra og stjórnendur.

Samskipti: Samskipti ganga vel, upplýsingaflæði og samstarf mjög gott á milli deilda. Covid hafði mikil áhrif á samskipti starfsfólk þegar leikskólanum var skipt niður í 3 hól.

Símenntun fór að mestu leiti fram í formi fyrirlestra og námskeiða á skipulagsdögum.

Megináherslupættir þessa árs voru tengdir því að styrkja betur grunnþekkingu á Vináttu – verkefni Barnaheilla sem við höfum unnið með sem þróunarverkefni, sækja fræðslu sem tengist þróunarverkefninu „Orð eru til alls fyrst“ sem við vinnum með skólum og leikskólum í hverfinu. Auk þess vildum við sækja námskeið í jákvæðum aga og samskiptum. Við byrjuðum fræðslu vetrarins á fyrirlestri um samskipti á starfsmannafundi þann 19. ágúst. Á skipulagsdegi þann 4. september fengum við inn heilsdagsnámskeið Vináttu á vegum Barnaheilla þar sem allir starfsmenn fengu fræðslu um þetta frábæra verkefni. Á skipulagsdegi 18. nóvember sem var sameiginlegur hjá öllum skólum og leikskólum í Grafarholti fengum við fyrirlestra sem tengdust þróunarverkefni okkar „Orð eru til alls fyrst“. Starfsmannahópnum var skipt upp í 2 hópa og fengu mismunandi fræðslu um mál og læsi. Þessir fyrirlestrar fóru fram í fjarfundaformi þar sem samkomutakmarkanir komu í veg fyrir að hópurinn gæti komið saman eins og stefnt hafði verið að. Stóri matsfundurinn okkar var svo 25. janúar. Þar byrjuðum við að gera grein fyrir stjórnnum og laufblöðum og seinni hluta dags var svo

unnið að því að setja upp umbótaþætti sem unnið var með. Við sóttum svo Menntastefnumótið á skipulagsdegi þann 10. maí. Sá viðburður var einnig með öðru sniði en lagt hafði verið upp með en við komum saman í leikskólanum og gátum valið úr hlaðborði af fræðandi og skemmtilegum fyrirlestrum og efni frá skólum og leikskólum. Tveir skipulagsdagar voru skipulagðir þann 3. og 4. júní og var ætlunin að fara norður á Akureyri þar sem fyrirhugað var að sitja fyrirlestur um jákvæðan aga og auk þess að heimsækja leikskóla á Akureyri. Því miður urðum við að hætta við þessa ferð vegna stöðu Covid á þessum tíma. Þess í stað unnum við í leikskólanum, fórum í endurmat á t.d. hópahefti og sönghefti, vorum með deildarfundi og starfsmannafundi og byrjuðum að skipuleggja starf komandi vetrar. Eins tókum við tíma í það að hrista hópinn saman sem var kærkomið eftir strembinn vetur sem litaðist af takmörkunum og hólfaskiptingu á svæðum innan leikskólans.

Eitthvað af starfsfólki sótti utanaðkomandi námskeið. Einn starfsmaður sótti bæði fagnámskeið 1 og 2 á vegum Eflingar. Tveir starfsmenn voru í námi í leikskólakennarafræðum í HÍ annar á 3ja ári og hinn á 1. ári. Aðstoðarleikskólastjóri sótti Forystunám sem var á vegum Reykjavíkurborgar. Einn starfsmaður sótti námskeiðið Sögupokar hjá EHÍ.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Ingunnarskóli er hverfissskóli Maríuborgar auk þess sem alltaf eru einhver börn sem fara í Sæmundarskóla frá okkur. Við erum í nánú samstarfi við báða þessa skóla hvað varðar námsáherslur og samstarf um að brúa bilið milli skólastiganna. Meginmarkmið samstarfsins er að auðvelda aðlögun og ánægju barnanna, stuðla að öryggi þeirra í nýjum aðstæðum og farsælli samfellu í námi þeirra.

Sameiginleg læsisstefna Ingunnarskóla og Maríuborgar var gefin út árið 2014. Þar koma fram markmið skólanna beggja til eflingar læsis, málþroska, skilnings og orðaforða. Elstu börn leikskólans vinna allan seinasta veturinn verkefni í svokölluðu Snillingahefti sem miða að því að byggja sterkan grunn læsis og talnaskilnings. Verkefni þessi eru sett saman og útfærð í samvinnu við kennara yngsta stigs Ingunnarskóla.

Skólaárið 2015 – 2016 fór fram mikil þróun í starfi elstu barna Maríuborgar þar sem unnið var enn dýpra en áður með læsisstefnu skólans og stærðfræðinámi. Helsta markmiðið var að auka við og dýpka verkefni Snillingaheftisins. Gekk það verkefni vonum framar og búum við vel að því sterka námsefni sem varð til þann vetur en einnig höfum við þróað það enn frekar í samvinnu við kennara Ingunnarskóla.

Á vorönn er haldinn samráðsfundur milli skólanna þar sem áætlun og markmið eru gerð fyrir komandi skólaár. Jafnframt eru þá haldnir skilafundir þar sem leikskólakennarar segja frá því helsta

um barnahópinn, grunnskólakennarar fá niðurstöður Hljóm-2 prófa sem gerð eru á öllum börnum leikskólans sem og sérparfir einstakra barna. Þá er einnig samstarf liðins vetrar endurmetið.

Heimsóknir milli skólanna eru tíðar yfir veturinn, en markmiðið með heimsóknunum er að börnin verði örugg í nýju umhverfi, kynnist kennurum, sjái aðstæður, kynnist helstu reglum og rati um skólann. Einu sinni í mánuði er farið í kennslustund í heimastofu 1. bekkjar og fá þá börnin verkefnahefti sem þau vinna með allan veturinn (samræmt við Snillingaheftið), leika með leikefni og kynnast helstu kennslugögnum, fara í tölvur og á bókasafnið. Einu sinni á önn er farið í söngsal með öllum börnum skólans og í maí fara börnin ásamt foreldrum sínum í heimsókn í Stjörnuland, sem er frístundaheimili Ingunnarskóla. Þar er starfsemi frístundarinnar kynnt, aðstæður skoðaðar og börnin fá að leika sér. Eftir heimsóknina í Stjörnuland fá börnin að borða í matsal Ingunnarskóla.

Oft á tíðum höfum við haft aðgang fyrir elstu börnin að íþróttasal Ingunnarskóla og höfum við nýtt það til að fara í meira krefjandi íþróttaleiki og æfingar. Eins höfum við séð að börnin verða öruggari við mót skólastiga þegar þau þekkja umhverfið svo vel. Því miður hefur salurinn verið svo þéttsetinn af hinum ýmsu íþróttæfingum að við höfum ekki komist að þennan vetur, en Fram hefur fengið aðstöðu í salnum fyrir sínar æfingar. Vonumst við til þess að geta aftur komist að, sérstaklega þegar styttest í að Fram fái sína aðstöðu í Úlfarsárdal. Þangað til nýtum við þær aðstæður sem við höfum, salinn okkar, lóðina og fjölbreytt umhverfið.

8 Foreldrasamvinna

Í Maríuborg er mikið lagt upp úr góðum samskiptum og samstarfi heimilis og skóla. Sérstök áhersla er á dagleg samskipti kennara og foreldra um allt sem viðkemur barninu og eru allir stjórnendur skólans ætíð til viðtals.

Foreldraráð Maríuborgar er skipað af þremur foreldrum auk leikskólastjóra. Kosið er í foreldraráð að hausti, á foreldrafundum. Foreldraráð er í reglulegum tölvupóstsamskiptum um framgang leikskólastarfsins og fundar eftir þörfum um stærri mál er varða starfið.

Foreldrafundir eru haldnir tvisvar á ári. Á haustönn er einstaklingsnámskrá unnin í samráði við foreldra og á vorönn eru niðurstöður gátlista kynntar foreldrum, farið yfir markmið einstaklingsnámskrár og rætt um almenna stöðu barnsins.

Foreldrafélag er starfrækt við leikskólann. Það er skipað átta foreldrum, einum til tveim af hverri deild, auk leikskólastjóra. Hlutverk foreldrafélagsins er að auðga og bæta við starf og skemmtun



barnanna, t.a.m. með því að bjóða upp á jólaskemmtun, sveitaferð og leiktæki eða skemmtiatriði á sumaráhátíð. Þá hefur foreldrafélagið einnig fært leikskólanum ýmsar gjafir, s.s. hljóðfæri, myndavélar og annað sem þarf til kennslunnar og starfsins í skólanum.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar næsta skólaárs verða sex talsins. Í lok ágúst verður skyndihjálparnámskeið og unnið að undirbúningi komandi vetrar. Í lok október verður endurmat á ferlimöppum og matslistum sem hafa verið fylltir út fyrir foreldraviðtöl. Í lok nóvember er ætlunin að fá inn fyrirlestur um einhverfu. Um miðjan febrúar verður matsfundurinn okkar og farið yfir umbótaáætlun. Í byrjun júní er stefnt á að fara til Akureyrar og sitja námskeið um jákvæðan aga og heimsækja leikskóla sem vinna samkvæmt þeirri stefnu. Dagskrá skipulagsdaganna er sett niður út frá þeim óskum sem komu fram í starfsþróunarsamtölum. Það var ákveðið að stefna aftur að því að fara norður til Akureyrar í stað ferðarinnar sem þurfti að fella niður núna í sumar. Sameiginlegir skipulagsdagar með Ingunnarskóla eru 20. ágúst, 25. október (þá er vetrarleyfi í skólanum) og 18. febrúar (einnig vetrarleyfi í skólanum). Þeir eru stjörnumerktir á skóladagatalinu. Helstu hefðir og viðburðir sem hafa fest sig í sessi í Maríuborg munu einnig eiga sinn stað skólaárið 2021-2022. Má þar nefna litamánuði (breyttum litavikum í litamánuði þar sem starfsfólki fannst ekki vera nægur tími til að vinna verkefni með börnunum tengd hverjum lit á svo stuttum tíma) sem tengjast því þema sem unnið er með í hópahæftum, en einnig ýmsum átökum í þjóðfélaginu líkt og Bleika slaufan í október sem er bleikur mánuður hjá okkur. Þá verður fjölskyldukaffi í kringum afmæli leikskólans í nóvember og ömmu- og afakaffi í tengslum við þorrann. Að sjálfsögðu höldum við upp á íslenskar hátíðir eins og jól og páska. Sjá má skóladagatal Maríuborgar 2021-2022 í fylgiskjali 2

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2021-2022

F. h. leikskólans Maríuborgar

Edda S. Jóhannsdóttir aðstoðarleikskstj. 30.08.2021

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2021 – 2022 **Maríuborg**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna Svavarsdóttir
Hildur Hermannsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Síðastliðinn vetur var nokkuð óhefðbundinn, þar sem Covid-19 faraldurinn setti hefðbundið skólastarf úr skorðum. Öll samvinna starfsfólks og foreldra gekk eins og best var á kosið í þessum krefjandi aðstæðum. Það var upplifun fulltrúa í foreldraráði að faglega hafi verið staðið að skipulagi og framkvæmd breyttra starfshátta í ljósi fjöldatakmarkana og aukinna sóttvarna vegna Covid-19. Upplýsingagjöf til foreldra var einnig til fyrirmyndar. Á starfsfólk Maríuborgar hrós skilið.

Foreldraráð Maríuborgar hefur farið yfir og samþykkt starfsáætlun og skóladagatal leikskólans fyrir skólaárið 2021-2022. Í áætluninni kemur fram greinagerð um starf síðasta árs, farið yfir niðurstöðu úr innra og ytra mati leikskólans og sett fram umbótaáætlun fyrir skólaárið 2021-2022.

Foreldraráð Maríuborgar,

Anna Svavarsdóttir
Hildur Hermannsdóttir



Leikskóladagatal 2021 - 2022											
Samband íslenskra sveitarfélaga						Nafn leikskóla					
						Mariuborg					
ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M	1 L	1 Þ	1 Þ	1 F	1 S	1 M	
2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F	
4 M	4 L	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L	
5 F	5 Þ	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S	Hálsundagur
6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M	Annar í Hálsinu
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 M	7 F	7 L	7 Þ	
8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M	
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	Skíplagisdagur
10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 F	Skíplagisdagur
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L	
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S	Sýnindagurinn
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M	
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M	14 M	14 F	14 L	14 Þ	
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F	15 S	15 M	
16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S	17 Þ	17 F	Lýðveldisdagurinn
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 M	18 M	18 L	
19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S	
20 F	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M	Græn umhverfisdagur
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 M	21 M	21 F	21 L	21 Þ	
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 M	
23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	
24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F	
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L	
26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F	26 S	Upplýsingardagur
27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M	
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ	
29 S	29 M	29 F	29 Þ	29 M	29 L	29 Þ	29 Þ	29 F	29 S	29 M	
30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	
31 Þ		31 S		31 F	31 M		31 F	31 F	31 Þ		

Í reglum um leikskólajónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skíplagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða frídagur nemenda í grunnskólum en hinir þetta verð ymist hálfir dagar eða heilir. Leikskólajöld tækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkur borgar taka að lagmarki tuttugu daga í sumarleyfi. Leikskólafjóri ákveður að hofu samráði við starfsmenn og foreldrað viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allir dagar eða lokaðir í þau til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundavíðs er að í hverju hverfi teljist skólafjórðunir leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skíplagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.



